



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Skipun tveggja fulltrúa menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs í stjórn Ásmundarsafns

Með vísan í 2. gr. hjálagðrar reglugerðar um safn Ásmundar Sveinssonar, þar sem kemur fram að þrjú stjórnarfulltrúar safnsins skulu skipaðir af borgarstjórn, þar af einn formaður, er beðið um tilnefningu formanns og annars stjórnarfulltrúa í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn. Sú venja hefur skapast að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð skipi tvo fulltrúa og að þriðji stjórnarfulltrúinn skipaður af ráðinu sé fulltrúi frá Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík. Logi Bjarnason var kosinn fulltrúi félagsins í janúar 2019 og hefur félagið nú tilnefnt hann til áframhaldandi stjórnarsetu fyrir næstu fjögur ár.

Lagt er til að Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur sitji áfram í stjórn og að Skúli Helgason, formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs verði skipaður í stjórn.

Virðingarfyllt,

Huld Ingimarsdóttir
starfandi sviðsstjóri
menningar- og ferðamálasviðs

REGLUGERÐ

um safn Ásmundar Sveinssonar.

1. gr. Safn Ásmundar Sveinssonar er eign Reykjavíkurborgar. Safnið er staðsett við Sigtún á lóð, sem áður var merkt Kirkju-
mýrarblettur 10. Eru þar vinnustofur og íbúð Ásmundar Sveinssonar ásamt safni af höggmyndum hans.
2. gr. Sérstök stjórn fjallar um málefni safnsins og starfar hún á sama hátt og aðrar samsvarandi fastanefndir borgarstjórnar. Stjórnina skipa 4 stjórnarmenn. Eru 3 þeirra kjörnir af borgarstjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er sérstaklega kosinn af borgarstjórn. Fjóroða stjórnarmanninn tilnefna afkomendur Ásmundar Sveinssonar sameiginlega meðan höfundarréttur að verkum hans helst í þeirra eign skv. lögum um höfundarrétt, þ.e. til ársloka 2032. Garðyrkjustjóri og listráðunautur Kjarvalsstaða eiga seturétt á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti svo og safnvörður þess.
3. gr. Stjórn safnsins skal hafa umsjón með daglegum rekstri þess. Hún skal gera tillögur um starfsmannahald, viðhald og annað það, sem lýtur að daglegum rekstri safnsins og umhverfi þess. Stjórnin skal taka endanlegar ákvarðanir um allt sem varðar varóveislu höggmynda, stökkun mynda og geró afsteypa af þeim fyrir safnið. Stjórnin skal vinna að því að afla fjár til safnsins og kynna það með útgáfu korta, litskyggna og rita og með geró afsteypa af myndum safnsins. Séu afsteypur gerðar í fjáróflunarskyni af myndum safnsins skal álagning þess nema a.m.k. jafnhárru upphæð og höfundarlaun, sem renna til rétthafa höfundarréttar til ársloka 2032. Um höfundarlaunin skal samið við rétthafa hverju sinni, en þeir einir geta heimilað stökkun einstakra mynda og geró afsteypa meðan höfundarréttur varir.
4. gr. Frummyndir í safninu skal ætíð varóveita þar, en safnstjórn skal þó heimilt að lána einstakar myndir úr safninu um takmarkaðan tíma til sýningar annars staðar og sömuleiðis ef unnið er að stökkun þeirra eða geró afsteypa.

5. gr. Stjórnin skal setja sér ákveðinn fundartíma og halda gerðarbók.
Skal senda afrit fundargerða til borgarráðs.

Reglugerð þessi er sett í borgarstjórn

1983.